

## Fundargerð

Mánudagurinn 13.02.2023 kom stjórn Sorpsamlags Strandasýslu saman til fundar í húsnæði Sorpsamlagsins að Skeiði 3, Hólmavík.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Þorgeir Pálsson, Sigríður G. Jónsdóttir frá Strandabyggð og Finnur Ólafsson frá Kaldrananeshreppi og Sigurður M. Þorvaldsson og Salbjörg Engilbertsdóttir sem vinna við sorpsamlagið sátu einnig fundinn.

Finnur Ólafsson ritar fundargerð á tölvu.

Fundur hefst kl. 14:00

Dagskrá.

1. Frágangur lóðaleigusamnings við Strandabyggð  
Stjórn ákveður að staðfesta lóðaleigusamning og fellur Finni og Sigríði skrifa undir sem stjórnarmenn.

2. Tunnutaling Drangnes, Hólmavík, innkaup á tunnum; næstu skref  
Niðurstaða tunnutaalningar:

Mælaborð - Hólmavík		Þar af litlar
Tunnur alls	98	32
Gámar	6	

Mælaborð - Drangnes		Þar af litlar
Tunnur alls	32	6
Gámar	3	

<b>Gámar</b>	<b>1</b>
Heilbrigðisstofnunin	1
Galdrasafnið	1
Steinhúsið	1
Leikskólinn	1
Bragginn/Riis	2
<b>Samtals gámar</b>	<b>6</b>

Stjórn ákveður að fá tilboð í 500 tonnur frá viðeigandi aðilum. Einnig er framkvæmdarstjóra fallið að leita lausna í útfærslu á söfnun á lífrænum úrgangi í ílát.

SGD SMP. 

### 3. SORPA samstarf

SMP gerir grein fyrir samstarfi og hvaða ávinningi það skilar. Stjórn ákveður að hefja samstarfið og framkvæmdarstjóra falið að hefja þá innleiðingu.

### 4. Sorpsamlagið, almenn þróun

#### a. Innleiðing lagabreytinga.

Framkvæmdarstjóri fer yfir stöðuna og telur að við séum á ágætri leið, telur brýnt að ákvörðun sé tekinn með innleiða ný flokkun í samræmi við nýjar reglur.

#### b. Fjármál, gerð ársreiknings

Drög eru komin frá KPMG. Áætlað tap 2022 er 10 milljónir.

Framkvæmdarstjóra, stjórnarformanni og skrifstofustjóra Strandabyggðar er falið að gera greinargerð með ársreikningi til sveitarfélaga, sú greinargerð verður send með formlegum ársreikningi.

#### c. Starfsmannamál.

Stjórn ræddi um starfsmannamál hjá Sorpsamlagi Strandasýslu og framtíðaráformum í þeim málum. Stjórn felur stjórnarformanni að ræða við framkvæmdarstjóra um áframhaldandi starf.


### 5. Önnur mál.

- a. Stjórn felur framkvæmdarstjóra að leita að sorppressu og kostnaði áætlun, til þess að geta afgreitt verðmætari úrgang til Sorpu.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundargerð lesin upp og borin til staðfestingar og samþykkt samhljóða með handa uppréttingu.

Fundi slitið kl. 11:03 15<sup>00</sup>

  
The block contains four handwritten signatures in blue ink. The first signature is the most prominent and appears to be 'Bogun Pálur'. Below it is a signature that looks like 'Finnur'. The third signature is 'Sigrún Þorvaldsson' and the fourth is 'Sigrún G. Jónsdóttir'.